

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2019

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 729 fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2019 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

| | | |
|--------------------|------------|--------------------------------|
| Fasteignaskattur A | 0,209% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Vatnsgjald | 0,078% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Fráveitugjald | 0,116% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Lóðarleiga A | 0,316% | af fasteignamati lóðar |
| Sorphirðugjald | kr. 29.000 | pr. íbúð |

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

| | | |
|--------------------|--------|--------------------------------|
| Fasteignaskattur B | 1,320% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Vatnsgjald | 0,078% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Fráveitugjald | 0,116% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Lóðarleiga B | 1,100% | af fasteignamati lóðar |

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

| | | |
|--------------------|--------|--------------------------------|
| Fasteignaskattur C | 1,600% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Vatnsgjald | 0,078% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Fráveitugjald | 0,116% | af fasteignamati húss og lóðar |
| Lóðarleiga C | 1,100% | af fasteignamati lóðar |

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni www.mos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is og íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Fasteignagjöld skiptast á níu gjalldaga frá 15. janúar til 15. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalldaga og fellur allur skattur ársins í gjalldaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalldagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is eða í Þjónustuveri.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

| 2019 Afsláttur | Tekjur einstaklinga 2017 | | 2019 Afsláttur | Tekjur hjóna 2017 | |
|-------------------|--------------------------|-----------|-------------------|-------------------|-----------|
| | Frá | Til | | Frá | Til |
| 100% | 0 | 4.788.999 | 100% | 0 | 6.225.999 |
| 80% | 4.789.000 | 5.148.999 | 80% | 6.226.000 | 6.693.999 |
| 60% | 5.149.000 | 5.535.999 | 60% | 6.694.000 | 7.196.999 |
| 40% | 5.536.000 | 5.951.999 | 40% | 7.197.000 | 7.737.999 |
| 20% | 5.952.000 | 6.399.999 | 20% | 7.738.000 | 8.319.999 |

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is